

8. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur sem bæjarsjóður kann að öðlast skv. reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og er gjaldið tryggt með lögveði í húseigninni.

Gjalddagi holræsaárgjalds er 1. janúar ár hvert, en bæjarstjórn getur ákveðið að innheimta það á fleiri gjalddögum um leið og hinn almenni fasteignaskattur er innheimtur.

9. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem bærinn hefur látið gera enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra, annarra en ræsa, sem eru hluti af frárennislögn fasteignar og innan lóðarmarka hennar.

Húseigendum er skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, skv. ákvæði 3. gr. um fyrirmæli bæjartæknifræðings eða umsjónarmanns.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1988.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Upphæð eftirlitsgjalda samkv. 4. gr. reglugerðar nr. 157/1985, með breytingu nr. 128/1987, verði sem hér segir:

1. flokkur	kr. 6 000,00
2. flokkur	kr. 13 000,00
3. flokkur	kr. 25 000,00
4. flokkur	kr. 39 000,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar staðfestist hér með samkv. 5. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. mars 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.